

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Auglýsing um austurlenzka kólerusótt í frönskum höfnum við Miðjarðarhafið o. fl., undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 7. nóv. 1892 (A. nr. 16. bls. 38—41).

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 115
útmæling á túnstæði hjá Borðeyri. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 18. júní þ. á.,^{13. ágúst.} hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer brjef sýslumannsins í Strandasýslu, dags. 6. maí þ. á., þar sem hann skýrir frá, að annar þeirra kaupmanna, sem reka fasta verzlun á Borðeyri, hafi æskt þess, að sjer yrði útmældur graslaus melblettur í grennd við verzlunarstaðinn til þess að rækta þar tún; álitur sýslumaður mjög hentugt að þessu geti orðið framgengt, þar sem mikið af áburði tilfalli í sjálfum verzlunarstaðnum undan gripum, sem fóðraðir sjeu á aðkeyptu fóðri, og geti á þennan hátt orðið að miklum notum, en eptir afstöðu sjeu ekki líkindi til, að á ofangreindum melbletti þurfi nokkru sinni að halda til hússtæðis. Með því að hjer er um landssjóðseign að ræða, hafið þjer leitað úrskurðar míns í þessu tilliti, og lagt það til, að útmælingin verði leyfð og eptirgjaldið ákveðið mjög lágt.

Útaf þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg veiti leyfi til hinnar umbeðnu útmælingar þannig, að eptirgjaldið sje fyrst um sinn ákveðið 10 álnir eptir meðalverði verðlagsskrár ár hvert fyrir túnadagsláttu hverja (900 □ faðma), og ber sýslumanni að innheimta gjald þetta og greiða það í landssjóðinn.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um endurgjald á veittum sveitarstyrk. — Með þóknanlegu brjefi dags. 24. nóv. f. á., hafið^{30. ágúst.} þjer, herra amtmaður, sent mjer erindi hreppsnefndarinnar í Vopnafjarparhreppi, dags. 9. s. m., þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dags. 12. febr. f. á., er sýknar Breiddalshrepp í Suðurmúlasýslu af kröfu Vopnafjarðarhrepps um endurgjald á meðlagi með stúlkunni Guðnýju Þorsteinsdóttur á tímabilinu frá 1. jan. 1887 til 5. ágúst 1888, nema að því er snertir 64 kr. fyrir tímenn frá 23. júlí til 10. okt. 1887. Jafnframt hafið þjer og sent mjer þau önnur skjöl, er mál þetta snerta.

Eptir að jeg nú loks með brjefi sýslumannsins í Norður-Múlasýslu, dags. 28. f. m., hef meðtekið ný skilríki, málinu viðvíkjandi, er jeg hafði beiðst eptir, skal jeg hjermeð leggja úrskurð á málið sem hjer segir:

Málavextir eru þeir, að stúlkann Guðný Þorsteinsdóttir kom sjer fyrir til lækninga í ágústmán. 1886 hjá Ágúst bónda Jónssyni á Ljótstöðum í Vopnafirði, sem fæst eitthvað við lækningar, og borgaði með sjer fyrst framan af, en þegar hana þraut fje, sneri Ágúst Jónsson sjer til hreppsnefndarinnar í Vopnafjarðarhreppi, nokkru fyrir áramótin 1886 og 1887 um að fá endurgjald á á-

21. dag nóvembermán. 1892.

116 föllnum kostnaði sínum út af sjúkdómslegu Guðnýjar; hreppsnefndin synjaði þess að endurgjalda honum kostnað þennan, en aptur á móti tók nefndin stúlkuna á framfærzlu frá 1. jan. 1887 og kom henni niður hjá Ágúst Jónssyni fyrir 80 aura borgun dag hvern, sem hún dveldi hjá honum, og var hún síðan með Ágúst Jónssyni til 5. ágúst 1888. Krafa hreppsnefndarinnar í Vopnafjarðarhreppi er því, að framfærsluhreppur Guðnýjar, Breiðdalshreppur í Suðurmúlasýslu, endurborgi fyrnefndum hreppi upphæð, er nemi 80 aurum á dag frá 1. jan. 1887 til 5. ágúst 1888, alls 465 kr. 60 a., og hafa verið færðar sönnur á það með útdráttum úr sveitarbókinni og kvittunum frá Ágúst Jónssyni, að þessi upphæð hafi verið borguð úr sveitarsjóði Vopnafjarðarhrepps fyrir dvöl Guðnýjar þar eptir 1. jan. 1887. Kröfunni er af hálfu Breiðdalshrepps mótmælt af þeim ástæðum, að tilkynning um styrkveitinguna hafi eigi komið frá Vopnafjarðarhreppi fyrr en 23. júlí 1887, er hún ritaði sýslumanni sínum um málið, að síðan hafi verið vanrækt að flytja Guðnýju á sveit sína þá um sumarið, er vegabrjef hefði verið gefið út handa henni eptir beiðni hreppsnefndarinnar, og að meðlagið sje allt of hátt sett.

Jeg verð nú að vera yður, herra amtmaður, samdóma um það, að telja megí nægileg skilríki framkomin fyrir því, að hreppsnefndinni í Vopnafjarðarhreppi hafi borið skylda til, eptir kringumstæðunum, að annast Guðnýju til bráðabirgða, og að ekki hafi verið unnt að koma henni fyrir til nauðsynlegrar aðhlyningar fyrir minni meðgjöf en 80 aura á dag, sbr. vottorð hjerads-læknisins um þetta atriði og yfirlýsing hreppsnefndarinnar. Sömuleiðis verð jeg að vera yður samdóma um, að ekkert sje framkomið, er rjettlæti það, að hreppsnefndin í Vopnafjarðarhreppi hefur látið farast fyrir til 23. júlí 1887 að rita sýslumanni um styrkveitinguna, og verður sú forsómun að hafa þá afleiðing, að Vopnafjarðarhreppur missi þá kröfu, sem hann annars hefði haft til endurgjalds fyrir tímabilið frá 1. jan. til 23. júlí 1887. Úrskurður yðar skal því vera óhaggður að því leyti, og eins að því leyti sem hann ákvedur, að Breiðdalshreppur skuli endurgjalda Vopnafjarðarhreppi meðlagið frá síðastnefndum degi til 10. október, er þjer álitíð að fyrst hafi verið tiltök að flytja Guðnýju, sökum þess að hafisar höfðu hamlað skipaferðum allt sumarið, en þá fjell ferð með gufuskipinu »Thyra« (10. október). En aptur á móti get jeg ekki fallízt á, að nein sönnun sje framkomin gagnvart skýrslum þeim, er hreppsnefndin í Vopnafjarðarhreppi hefur gefið, fyrir því, að hægt hefði verið eða jafnvel heimilt að flytja Guðnýju á sveit sína um haustið með strandferðaskipinu »Thyra«. Þvert á móti hefur hlutadeigandi læknir vottað, að þó að hann vilji ekki fortaka að *mögulegt* hefði verið að koma henni frá Ljótstöðum í Vopnafjörð í rúmi á kviktrjám, þá hefði þó verið eins líklegt, að slíkur flutningur yrði henni til heilsutjóns eins og hitt, að hún þyldi hann, og er þó ótalinn hrakningur á sjó þar á eptir og flutningur frá landtökustað svo seint á árinu.

Samkvæmt þessu ber að skylda sveitarsjóð Breiðdalshrepps til að endurgjalda Vopnafjarðarhreppi 80 aura á dag frá 23. júlí 1887 til 5. ágúst

1888 incl. er telst vera 380 dagar, og verður þá upphæð sú, er Breiðdalshreppur á að inna af hendi 304 kr., eða auk upphæðar þeirrar, sem þegar er greidd 116 30. ágúst. samkvæmt úrskurði yðar, 240 krónur.

Þetta tilkynnist yður hjermeð, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar.

Endurskoðuð reglugjörð fyrir yfirsetukonur.

117

1. grein.

Sjerhver yfirsetukona er skyld að breyta samvizkusamlega eptir fyrir-mælum yfirsetukvennalaganna frá 17. desbr. 1875 og þessarar reglugjörðar: svo eru og allar yfirsetukonur að því er snertir skylduverk þeirra, háðar um-sjón og nánari fyrirskipunum hlutaðeigandi hjeraðslæknis og landlæknis.

2. grein.

Sjerhverri yfirsetukonu ber ávallt að hegða sjer vel og siðsamlega og vera jafnan til taks, er á þarf að halda; fari hún burt af heimili sínu, skal hún jafnan láta heimilisfólkið vita, hvar hana sje að finna.

3. grein.

Hún á að vera vinaleg og mannúðleg í umgengni við alla, sem leita hennar, hugga þá og hughreysta, ef lítilmótlegir eða huglitlir eru, og eigi láta á sjer finna, þótt eitthvað beri út af, svo að hún hræði eigi þá, sem hennar er vitjað til; hún skal og fordast allt málæði, bæði um ástand konunnar og barns-ins, og eigi láta á því bera fyrr en í síðustu lög, ef hún finnur, að barnið er andvana eða vanskapað.

4. grein.

Hún má ekki segja frá neinu, sem henni er sagt í trúnaði, eða hún kemst að vegna stöðu sinnar um veikindi eða líkamslýti konu, eða annað það, er konunni kynni að vera óþægilegt að yrði almenningi kunnugt.

5. grein.

Hún á að láta fúslega í tje aðstöð sína hverjum, sem hennar leita, jafnt fátækum sem ríkum, og engan mannamun gjöra sjer, hvorki af ábatavon nje öðru.

6. grein.

Þegar hún situr yfir, skal hún hafa nákvæmar gætur á öllum ástæðum og atvikum, er að bera, og leita sængurkonunni allrar hægðar eptir fremsta mætti. Beri nokkuð út af, sem hún heldur að hættulegt geti orðið, annaðhvort fyrir konuna eða fóstrið, ber henni að ráðfæra sig við lækni eða aðrar yfir-setukonur, ef þess er kostur; sje það eigi, eða óttist hún, að lífi eða heilsu barnsins eða móðurinnar sje hætta búin í fæðingunni, skal hún láta nánustu viðstadda vandamenn sængurkonunnar vita af því í tíma, og heimta læknis leitað tafarlaust.

7. grein.

Þá er sængurkona lætur vitja læknis til kvenna, skal hún rita í eyðu-blöð, sem til þess eru prentuð, lýsing á því, hvernig ástatt er.